

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1139 Kaldvík hf. Fáskrúðsfirði	Strandgötu 18 735 Eskifjörður	Ágúst, Símon, Eðvarð og Ríkey Eldisstarfsmenn			
Tilefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	25.6.2025	25.6.2025	9	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 11 skoðunatriða af 22. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 10 skoðunatriðum, þar af 3 Alvarleg frávik og 7 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik	Frávik
4.1.5 Eldissvæði	4.1.2 Dauðfiskur
5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)	4.1.3 Eldisbúnaður
5.1.5 Innra eftirlit (rekstrarleyfi>20.tonn)	4.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokum
	4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk
	5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva
	5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)
	5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstrarleyfi>20.tonn)

Niðurstaða eftirlits

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Andri Snær Þorsteinsson og Jóhann Finnur Sigurjónsson, fóru í reglubundið eftirlit hjá Kaldvík þann 2. júní 2025.

Siglt var út á eldisvæðið Fagraeyri í Fáskrúðsfirði og fylgdust eftirlitsmenn þar með daglegum störfum eldismanna á eldisvæðinu þann daginn. Meðal daglegra starfa eldisstarfsmanna var að tæma dauðfisk úr eldiskvíum og að handhafa sveimara.

Við eftirlitið komu fram þrjú frávik. Eftirfylgni með frávikum þessum fer fram í næsta reglubundna eftirliti sem fram fer skv. eftirlitsáætlun Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 **er þér veittur 14 daga frestur** frá dagsetningu þessarar **skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Andmæli berist skriflega** sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á **mast@mast.is**.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 590/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Kaldvík hf. Fáskrúðsfirði
Strandgötu 18
735 Eskifjörður
Staða: Í gildi
Kennitala: 5204120930

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - AE - Áframeldi - 1

Tengiliðir

Bárður Jóhann Arnaldsson	859 2255	bardur.arnaldsson@kaldvik.is	Eldisstjóri
Sandra Eiðsdóttir	8550191	sandra.eidsdottir@kaldvik.is	Gæðastjóri
Kjartan Lindboel	+47 959 09 675	kjartan.lindbol@kaldvik.is	Framleiðslustjóri
Ísak Örn Guðmundsson	847 5242	Isak.gudmundsson@kaldvik.is	Eldisstjóri

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.1 - Sjókvíaeldi

32 - 46.gr. reglugerð nr.540/2020 og 20.gr. reglugerð nr. 300/2018

4.1.5 Eldissvæði

Sett inn: 27.10.2021

Alvarlegt frávik

Eftirlitsskýrsla 25. júní 2025 - Ekki tekið tillit til þessa frávíks í eftirlitinu.

Frávik í fyrri eftirlitsskýrslum

Eftirlitsskýrsla 21. mars 2025 - Ekki tekið tillit til þessa frávíks í eftirlitinu.

Eftirlitsskýrsla 27. janúar 2025 - Ekki tekið tillit til þessa frávíks í eftirlitinu.

27.01.2021

Hluti búnaðar er utan skilgreinds eldissvæðis á Eyri/Fögrueyri, Einstigi og Höfðahúsabót en skv. 30. gr. rgl. nr. 540/2020 skal búnaður sjókvíaeldisstöðva vera innan eldissvæðis. Um er að ræða ítrekað frávik og því er það nú alvarlegt frávik.

Sett inn: 27.11.2024

Búnaður fyrir utan leyfilegs eldissvæðis á Höfðahúsabót VK a

Sett inn: 21.02.2024

Búnaður fyrir utan leyfilegs eldissvæðis á Höfðahúsabót VK a

Sett inn: 20.06.2023

Búnaður fyrir utan leyfilegs eldissvæðis á Höfðahúsabót VK a

Sett inn: 27.10.2021

Búnaður fyrir utan leyfilegs eldissvæðis á Höfðahúsabót VK a

Í eftirfylgni eftirliti er ljóst að ekki er búið að færa þann búnað sem er utan skilgreinds eldissvæðis á Glímeysri og ekki er getið um tímasetningu hvenær á að gera slíkt í úrbótaáætlun eftirlitsþega. Hér er um að ræða ítrekað alvarlegt frávik sem ekki hefur verið lagfært og stendur því enn.

4.1.2 Dauðfiskur

Sett inn: 25.06.2025

Frávik

Við eftirlit urðu eftirlitsmenn þess áskynja að starfsmenn sem voru við handháfing á kvíum gengu ekki í öllum tilfellum allan hringinn á kvíunum við vinnu sína. Voru þannig hlutar kvíanna sem ekki var farið um og tekið upp sveimara þrátt fyrir að að fullt tilefni hefði verið til þess þar sem eftirlitsmenn sáu að á þeim hluta kvíanna voru sveimarar.

Að eftirliti loknu kölluðu eftirlitsmenn eftir gögnum frá eftirlitsþega um dauðfisk og förgun sveimara á eldissvæðinu Glímeysri fyrir tímabilið 1. apríl til 2. júní 2025. Við skoðun á þeim gögnum kom í ljós marktækur munur á milli vakta A og B hvað varðar umfang og tíðni förgunar. Þannig voru dagar á annarri vaktinni þar sem ekki voru teknir sveimarar en alla daga þegar hin vaktin var við störf. Óskað var eftir skýringum frá eftirlitsþega og benda þær skýringar til þess að um sé að ræða meðvitaðar áherslubreytingar milli vakta, byggðar á mismunandi styrkleikum starfsfólks.

Í verklagsreglu eftirlitsþega um losun sveimara af yfirborði sem óskað var eftir frá eftirlitsþega í kjölfar eftirlits kemur skýrt fram að sveimarar skuli fjarlægðir daglega, þegar aðstæður leyfa. Ekkert gefur tilefni til að ætla að aðstæður hafi verið þannig í öllum þeim tilfellum sem verkinu var ekki sinnt að ekki hafi verið hægt að fjarlægja sveimara.

Á eftirlitsþega hvílir skylda að fara eftir eigin verklagi og jafnframt að uppfylla ákvæði 44. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 þar sem kveðið er á um skyldu til að fjarlægja sýktan og dauðan fisk daglega.

Í ljósi framangreinds telur Matvælastofnun að ekki hafi verið farið eftir verklagi við eftirlitsþega við handháfun sveimara þegar eftirlitið fór fram þann 2. júní 2025 þar sem ekki var gengið allan hringinn við handháfun sveimara. Þá er það jafnframt mat stofnunarinnar að eftirlitsþegi fari ekki eftir eigin verklagi og uppfylli þar af leiðandi ekki fyrrnefnt ákvæði 44. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 með því að taka ekki upp sveimara á hverjum degi, óháð hvor vaktin sé við störf. Á eftirlitsþega hvílir sú skylda að manna vaktir starfsmanna sinna þannig að styrkleikar þeirra nýtist á öllum vöktum þannig að ávallt séu skyldur sem á eftirlitsþega hvíla skv. lögum, reglugerðum og eigin verklagi séu uppfylltar.

4.1.3 Eldisbúnaður

Sett inn: 25.06.2025

Frávik

Við skoðun eftirlitsmanna á kvíum 2 og 3 kom í ljós að hoppnet voru frekar slök en slíkt getur valdið erfiðleikum við framkvæmd á hreinsun nets.

Við skoðun eftirlitsmanna á kvíum 3 og 9 kom í ljós að vantar stólpa sem heldur handlista og hoppneti á sínum stað. Þetta hefur bein áhrif á virkni og stöðugleika hoppnetsins, sem telst hluti af öryggisbúnaði til að fyrirbyggja slysasleppingar. Að sögn starfsmanna eftirlitsþega höfðu stólparnir ekki verið til staðar í talsverðan tíma en nýir stólpar væru þó til.

Fram kom að ekki hafði verið tilkynnt um þetta frávik til Matvælastofnunar eins og skylt er samkvæmt 33. gr. reglugerðar nr. 540/2020 og staðfestu eftirlitsmenn Matvælastofnunar það eftir að eftirliti lauk.

Að mati Matvælastofnunar er ljóst að misbrestur hefur orðið á bæði innra eftirliti eftirlitsþega og tilkynningaskyldu til Matvælastofnunar um tjón á búnaði.

Mynd 1



Mynd 2



4.1.4 Eftirlit og viðgerðir á netpokum

Sett inn: 12.12.2024

Frávik

Eftirlitsskýrsla 25. júní 2025 - Ekki tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

Frávik í fyrri eftirlitsskýrslu:

Eftirlitsskýrsla 21. mars 2025 - Ekki tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

Eftirlitsskýrsla 11. mars 2025 - Ekki tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

Eftirlitsskýrsla 12. desember 2024:

Í ástands- og viðgerðarskýrslur hjá þjónustuaðila vantar upplýsingar um:

- Lýsingu á umfangi og staðsetningu skemmda
- Lýsingu á viðgerðinni

Samkvæmt 34. gr. rgl. nr. 540/2020 skulu þessar upplýsingar koma fram í ástands- og viðgerðarskýrslu netpoka.

Í eftirfylgni eftirliti kallað Matvælastofnun eftir afriti af ástands- og viðgerðarskýrslu sem sýndi að búið væri að bæta inn þeim liðum sem ekki voru til staðar við eftirlit. Þau gögn sem eftirlitsþegi sendi stofnuninni sýna að búið er að bæta þessum liðum í ástands- og viðgerðarskýrslur og hefur frávikið því verið lagfært.

4.3 - Strok

45.gr. og viðauki IV. í reglugerð nr. 540/2020

4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk

Sett inn: 26.03.2025

Frávik

Við skoðun eftirlitsmanna kom í ljós að búnaður til að endurheimta fisk var ekki um borð í pramma heldur staðsettur í landi.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 skal hver eldisstöð eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði til þess að veiða fisk sem strýkur. Net eru nauðsynlegur búnaður til að veiða fisk og skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 og viðbragðsáætlunum sem rekstrarleyfishöfum ber að hafa skulu fyrstu viðbrögð við storki vera að byrja án tafar að leita að orsökum og koma í veg fyrir að meira strjúki. Þá skulu rekstrarleyfishafar hefja veiðar á fisk eins fjótt og mögulegt er. Til þess að slíkt sé hægt verða net að vera til staðar í fiskeldisstöðinni, á pramma eða í þjónustubát, aðgengileg og allir starfsmenn geti auðveldlega nálgast þau.

Frávik í fyrri eftirlitsskýrslu:

Allar fiskeldisstöðvar skulu eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði til að endurheimta fisk. Búnaður þessi skal vera um borð í pramma eða bát sem starfar við eldissvæðið.

Ekki var tekið tillit til fráviks þessa í eftirfyrirskoðun.

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi > 20.tonn)

Sett inn: 12.12.2024

Alvarlegt frávik

Eftirlitsskýrsla 25. júní 2025 - Ekki tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

Frávik í fyrri eftirlitsskýrslu:

Eftirlitsskýrsla 21. mars 2025 - Ekki tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

Eftirlitsskýrsla 11. mars 2025 - Ekki tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

Eftirlitsskýrsla 12. desember 2024:

Samkvæmt viðauka III í reglugerð nr. 540/2020 skal tryggja að starfsmenn fái þjálfun þar sem markmið er:

- a) Að hindra stök og virkja viðbragðsáætlun ef það gerist.
- b) Að lágmarka umhverfisáhrif.
- c) Að tryggja velferð eldisdýra.

Einnig þarf, skv. sama viðauka, að hafa nýliðakynninu þar sem öllum starfsmönnum er kynnt gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins og nýliðaþjálfun þar sem tryggt er að starfsmaður hafi lokið eftirfarandi þjálfun:

- a) Varnir gegn stroki; helstu ástæður fyrir stroki og hvernig er best að koma í veg fyrir þær
- b) Viðbrögð við stroki
- c) Meðhöndlun eiturefna þegar það á við
- d) Þekking á verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti sem starfsmaður vinnur við

Jafnframt kemur fram í framangreindum viðauka að árlega skuli haldinn fundur með starfsmönnum þar sem farið er yfir efni gæðahandbókar og kynntar breytingar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið. Þátttaka starfsmanna er skráð í þjálfunarskrá.

Matvælastofnun kallaði eftir þjálfunarskrám starfsmanna Kaldvíkur og þar kemur ekki fram að starfsmenn hljóti þjálfun við að hindra stök og virkja viðbragðsáætlun.

Í nýliðaþjálfun rekstraraðila hljóta starfsmenn ekki þjálfun í vörnum gegn stroki, helstu ástæðum og hvernig megi koma í veg fyrir stök eða þjálfun í viðbrögðum við stroki.

Ekki er að finna í þjálfunarskrá staðfestingu á að árlegur fundur hafi verið haldin með starfsfólki og þátttaka starfsmanna sé skráð í þjálfunarskrá. Á slíkum fundi skal fara yfir innihald gæðahandbókar og breytingar kynntar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið.

Þegar starfsmenn Kaldvíkur héldu í ferð til Marrakech var fengið afleysingafólk til þess að halda fiskeldinu gangandi. Matvælastofnun kallaði eftir þjálfunarskrá þess fólks sem sinnti afleysingum og voru þær ekki fullnægjandi en starfsfólkið var ekki búið að hljóta almenna nýliðaþjálfun vegna:

- a) Varnir gegn stroki; helstu ástæður fyrir stroki og hvernig er best að koma í veg fyrir þær
- b) Viðbrögð við stroki
- c) Meðhöndlun eiturefna þegar það á við
- d) Þekking á verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti sem starfsmaður vinnur við

Matvælastofnun lítur málið alvarlegum augum og ef slíkar aðstæður skapast aftur að kalla þurfi til afleysingafólks þá skal rekstraraðili tryggja viðunandi þjálfun afleysingastarfsfólks.

Við eftirfylgni eftirlit kallaði Matvælastofnun eftir staðfestingu á því að starfsmenn eftirlitsþega hafi nú lokið þjálfun í að hindra stök og virkja viðbragðsáætlanir. Af innsendum gögnum er ekki hægt að staðfesta að starfsmenn fái þjálfun í að hindra stök og virkja viðbragðsáætlanir. Í því yfirliti sem Matvælastofnun fékk sent er ekkert heiti á námskeiði sem ber vísun til þess að vera þjálfun í að hindra stök og virkja viðbragðsáætlanir, hvorki í nýliðaþjálfun né frekari þjálfun starfsmanna.

Matvælastofnun kallaði eftir staðfestingu á þátttöku starfsmanna í árlegum fundi og að fundurinn hafi verið skráður í þjálfunarskrá starfsmannanna. Eftirlitsþegi sendi afrit af nokkrum tölvupóstum þar sem tilgreindir voru þátttakendur á fundinum. Í einhverjum tilfellum voru aðilar tilgreindir sem ekki höfðu tekið þátt í fundinum af einhverjum ástæðum. Matvælastofnun telur þetta fyrirkomulag ómarkvisst og ófullnægjandi skráning á þátttöku starfsmannanna á fundinum. Þátttöku ber að skrá í þjálfunarskrá hvers starfsmanns. Ljóst er að einhverjir starfsmenn eftirlitsþega tóku ekki þátt í árlega fundinum.

Með vísan til framangreinds hafa ekki verið gerðar úrbætur á alvarlegu fráviki undir þessum lið. Alvarlegt frávik stendur því enn.

5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 12.12.2024

Alvarlegt frávik

Eftirlitsskýrsla 25. júní 2025 - Ekki tekið tillit til þessa frávíks í eftirlitinu.

Frávik í fyrri eftirlitsskýrslu:

Eftirlitsskýrsla 21. mars 2025 - Ekki tekið tillit til þessa frávíks í eftirlitinu.

Eftirlitsskýrsla 11. mars 2025 - Ekki tekið tillit til þessa frávíks í eftirlitinu.

Eftirlitsskýrsla 12. desember 2024:

Ekki fullnægjandi innra eftirlit

Ekki var hægt að sýna fram á að innra eftirlit hefði verið framkvæmt

Við eftirfylgni eftirlit kallaði Matvælastofnun eftir verklag um innra eftirlit og staðfestingu á að því hafi verið sinnt síðast þegar það átti að eiga sér stað skv. verklagi. Við yfirferð á verklagi eftirlitsþega um innra eftirlit skortir skilgreiningu á tíðni innra eftirlits. Þá vantar einnig lista yfir þau atriði sem skoða á í innra eftirliti.

Í ljósi framangreinds stendur því áfram alvarlegt frávik.

5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Sett inn: 12.12.2024

Frávik

Eftirlitsskýrsla 25. júní 2025 - Ekki tekið tillit til þessa frávíks í eftirlitinu.

Frávik í fyrri eftirlitsskýrslu:

Eftirlitsskýrsla 21. mars 2025 - Ekki tekið tillit til þessa frávíks í eftirlitinu.

Eftirlitsskýrsla 11. mars 2025 - Ekki tekið tillit til þessa frávíks í eftirlitinu.

Eftirlitsskýrsla 12. desember 2024:

Í gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva skal koma fram, skv. viðauka III í rgl. nr. 540/2020

- Verklag um skipulag og ábyrgðarskiptingu.
- Skrá og áætlun um fræðslu/þjálfun starfsmanna.
- Ábyrgðarsvið og starfslýsingar allra starfsmanna séu skýrar.

Árlegur fundur haldinn með öllum starfsmönnum fiskeldisstöðva þar sem farið er yfir innihald gæðahandbókar og breytingar kynntar og nýjar áherslur sem gerðar hafa verið.

Matvælastofnun yfirfór gæðahandbók Kaldvíkur og var ekki gerð nægjanleg grein fyrir ofangreindum atriðum.

Í eftirfylgni eftirliti kallað Matvælastofnun eftir verklagi um skipulag og ábyrgðarskiptingu starfsmanna eldissvæða sem og starfslýsingar. Matvælastofnun fór yfir innsend gögn og telur þau vera fullnægjandi.

Matvælastofnun óskaði jafnframt eftir að fá senda áætlun/skrá um þjálfun starfsfólks. Ljóst er af innsendum gögnum að ekki er til staðar verklag/áætlun/skrá þar sem tilgreint er hvaða verkþætti starfsmaður þarf að tileinka sér, þ.e. hvaða þætti þarf starfsmaður að læra við upphaf starfs, innan hvaða tímamarka því þarf að vera lokið, hvaða þekkingu þarf að viðhalda og tíðni. Frávikð hefur því ekki verið lagfært.

Matvælastofnun kallaði eftir gögnum sem staðfestu að árlegur fundur hafi verið haldinn með starfsmönnum þar sem farið væri yfir alla kafla gæðahandbókar, breytingar á starfsemi o.fl.

Eftirlitsþegi sendi skjáskot af viðburði sem ber nafnið "Sjór - annual meeting quality handbook" og haldinn var 13. febrúar 2025. Ekki er til staðar fundargerð þar sem fram kemur efni fundar, hvenær fundurinn fór fram o.s.frv. og því ekki hægt að sannreyna að fjallað hafi verið um þau atriði sem fjalla ber um skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Þá er alls ljóst af innsendum gögnum hvort allir starfsmenn eftirlitsþega hafi mætt á fundinn. Frávikið hefur því ekki verið lagfært.

Með vísan til framangreinds hafa ekki verið gerðar viðunandi úrbætur á fráviki undir þessum lið. Frávikið stendur því enn.

5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 12.12.2024

Eftirlitsskýrsla 25. júní 2025 - Ekki tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

Frávik í fyrri eftirlitsskýrslu:

Eftirlitsskýrsla 21. mars 2025 - Ekki tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

Eftirlitsskýrsla 11. mars 2025 - Ekki tekið tillit til þessa fráviks í eftirlitinu.

Eftirlitsskýrsla 12. desember 2024:

Matvælastofnun yfirfór viðbragðsáætlanir Kaldvíkur í eftirliti en rekstraraðili vinnur að umbótum á gæðakerfi fyrirtækisins. Margar af þeim viðbragðsáætlunum sem voru yfirfarðar höfðu ekki verið samþykktar og því ekki sannað að starfsmenn séu að fara eftir viðbragðsáætlunum.

Við eftirfylgni eftirlit kallaði Matvælastofnun eftir eftirfarandi viðbragðsáætlunum og staðfestingu á að þær hafi verið samþykktar:

- Tímabundin og varanleg rekstrarstöðvun.
- Massadauða, s.s. vegna sjúkdóma og umhverfisástands.
- Olíumengun.
- Fárviðri og ísingu á búnaði.
- Hafís og rekís.
- Afræningja.

Tjón á kvíum vegna slysa/árekstra.

Allar viðbragðsáætlanirnar höfðu verið samþykktar.

Matvælastofnun hefur eftirfarandi athugasemdir varðandi innsendar viðbragðsáætlanir.

Viðbragðsáætlun um tímabundna- og varanlega rekstrarstöðvun. Viðbragðsáætlunin nær einungis til varanlegrar rekstrarstöðvunar, ekki tímabundinnar.

Viðbragðsáætlun um massadauða. Vísað er til viðbragðsáætlunar vegna neyðarslátrunar en hún fylgdi ekki innsendum gögnum. Í viðbragðsáætluninni vantar að lýsa þeim búnaði sem notast á við í þessum aðstæðum og hvernig það er gert. Þá er bent á að villandi getur verið að vísa til dýralæknis fiskeldis. Skýrara væri að vísa til þjónustudýralæknis.

Viðbragðsáætlun um olíumengun. Ekkert er fjallað um viðbragð sem kemur við því eldi sem er í gangi á þeim stað sem olíumengun verður, þ.e. þann fisk sem gæti orðið fyrir menguninni og ráðstafana gagnvart honum.

Viðbragðsáætlun um afræningja. Í viðbragðsáætluninni er vísað til verklagsreglu "Afskipti af afræningjum/Managing Predator Encounter" en hún fylgdi ekki.

Viðbragðsáætlun um tjón á kvíum vegna slysa/áreksturs. Matvælastofnun metur hana ófullnægjandi. Ekkert er fjallað um að kalla til auka mannskap til að grípa til viðeigandi aðgerða ef þörf er á eða hvað eigi að gera til að varna stroki t.d. þegar skemmdir eru þess eðlis að möguleiki sé á stroki en ekki sé grunur um stök hafi þegar orðið.

Viðbragðsáætlun um hafís og rekís er metin fullnægjandi.

Með vísan til alls framangreinds telur Matvælastofnun að gera þurfi lagfæringar á viðbragðsáætlunum eftirlitsþega. Frávik mun því áfram standa í eftirlitsskýrslu þessari.

Matvælastofnun hefur eftirfarandi athugasemdir varðandi innsendar viðbragðsáætlanir.

Viðbragðsáætlun um tímabundna- og varanlega rekstrarstöðvun. Viðbragðsáætlunin nær einungis til varanlegrar rekstrarstöðvunar, ekki tímabundinnar.

Viðbragðsáætlun um massadauða. Vísað er til viðbragðsáætlunar vegna neyðarslátrunar en hún fylgdi ekki innsendum gögnum. Í viðbragðsáætluninni vantar að lýsa þeim búnaði sem notast á við í þessum aðstæðum og hvernig það er gert. Þá er bent á að villandi getur verið að vísa til dýralæknis fiskeldis. Skýrara væri að vísa til þjónustudýralæknis.

Viðbragðsáætlun um olíumengun. Ekkert er fjallað um viðbragð sem kemur við því eldi sem er í gangi á þeim stað sem olíumengun verður, þ.e. þann fisk sem gæti orðið fyrir menguninni og ráðstafana gagnvart honum.

Viðbragðsáætlun um afræningja. Í viðbragðsáætluninni er vísað til verklagsreglu "Afskipti af afræningjum/Managing Predator Encounter" en hún fylgdi ekki.

Viðbragðsáætlun um tjón á kvíum vegna slysa/áreksturs. Matvælastofnun metur hana ófullnægjandi. Ekkert er fjallað um að kalla til auka mannskap til að grípa til viðeigandi aðgerða ef þörf er á eða hvað eigi að gera til að varna stroki t.d. þegar skemmdir eru þess eðlis að möguleiki sé á stroki en ekki sé grunur um strok hafi þegar orðið.

Viðbragðsáætlun um hafís og rekís er metin fullnægjandi.

Með vísan til alls framangreinds telur Matvælastofnun að gera þurfi lagfæringar á viðbragðsáætlunum eftirlitsþega. Frávik mun því áfram standa í eftirlitsskýrslu þessari.

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 12.12.2024

Frávik

Eftirlitsskýrsla 25. júní 2025 - Ekki tekið tillit til þessa frávíks í eftirlitinu.

Frávik í fyrri eftirlitsskýrslu:

Eftirlitsskýrsla 21. mars 2025 - Ekki tekið tillit til þessa frávíks í eftirlitinu.

Eftirlitsskýrsla 11. mars 2025 - Ekki tekið tillit til þessa frávíks í eftirlitinu.

Eftirlitsskýrsla 12. desember 2024:

Ekki fullnægjandi sannprófanir.

Ekki var hægt að sýna fram á að sannprófun hefði farið fram í takt við kröfur í reglugerð.

Við eftirfylgni eftirlit kallaði Matvælastofnun eftir verklag um innri úttekt-sannprófun og staðfestingu á síðustu sannprófun. Matvælastofnun metur verklag um innri úttekt-sannprófun fullnægjandi.

Eftirlitsþegi framkvæmdi sannprófun þann 10. febrúar 2025. Lagfæringar frávika í úrbótaáætlun sannprófunarinnar eru ekki tímasettar eins og Matvælastofnun gerir kröfur um.

Í ljósi þess að eftirlitsþegi hefur útbúið verklag og framkvæmt sannprófun eins og lög og reglugerð gerir kröfur um en lagfæring frávika í úrbótaáætlun er ekki tímasett fer skráning frávíks í eftirlitsskýrslu þessari úr alvarlegu fráviki í frávik.

Eftirfarandi skoðunatriði voru skoðuð og reyndust í lagi

4.1.7 Merkingar sjókvíaeldisstöðva

Andri Snær Þorsteinsson
andri@mast.is
Sérfræðingur - fiskeldi og matvælaeftirlit
530-4800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmunum þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvíaelði standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.

Athugasemdir geta fengið þrenns konar vægi skv. eftirfarandi:

LS = Lagfært á staðnum:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða, sem hægt er að lagfæra á meðan skoðun fer fram eða tilvíkið það lítilfjórlegt að það verður augljóslega lagfært strax að lokinni skoðun.

F = Frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur frá ákvæðum laga eða reglugerða. Skoðunarmaður metur umfang og alvarleika athugasemdar og metur frest til úrbóta út frá gefnum forsendum.

A = Alvarlegt frávik:

Þegar gerð er athugasemd við starfsemi sem víkur alvarlega frá ákvæðum laga, reglugerða, rekstrarleyfis eða þegar augljós hættu á slysasleppingu er fyrir hendi. Úrbótum skal ljúka að hámarki innan 7 virkra daga, en ef athugasemdin gefur tilefni til, er gripið til þvingunarúrræða strax. Athugasemdin krefst að jafnaði skjótrar eftirfylgni.

Eftirfylgni-, þvingunaraðgerðir:

Ef athugasemd sem fékk LS eða sambærileg er aftur til staðar í næstu skoðun, fær athugasemdin dæminguna F. Verklag eftirlitsmanna MAST er sem hér segir, þegar úrbætur eru ekki gerðar innan tilskilinnna fresta.

Athugasemd með F dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Úrbótum skal ljúka fyrir tilskilinn frest sem fram kemur í skoðunarskýrslu. Frestur til úrbóta er að hámarki 3 mánuðir, nema að um verulega umfangsmiklar framkvæmdir sé að ræða.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Veita má viðbótarfrest til úrbóta til skamms tíma, þó að hámarki 1 mánuð. Skoðunaratriði fær enn dóminn F en jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli - lög nr. 71/2008)
- Heimsókn 3 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn F en dæmt er A í 6.1. Veittur er frestur lengst til 7 daga, andmælaréttur er veittur á vettvangi. Eftir það fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og þvingunar-eftirfylgniferill (VRF-022) tekur við.

Athugasemd með A-dæmingu.

- Heimsókn 1 – reglubundin: Veittur frestur til úrbóta er lengstur 7 dagar, eða ef við á, fær stjórnarsýslusvið MAST skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Skoðunarmaður bendir stjórnanda/ábyrgðarmanni á að þvingunarúrræðum verði beitt verði úrbótum ekki sinnt (VII. Kafli – lög nr. 71/2008). Andmælaréttur er veittur á vettvangi.
- Heimsókn 2 – eftirfylgni: Skoðunaratriði fær dóminn A og jafnframt er dæmt A í skoðunaratriði 6.1. Stjórnarsýslusvið MAST fær skoðunarskýrsluna og verkferill við beitingu þvingunarúrræða tekur við (VRF-022). Stjórnarsýslusvið MAST fylgir eftir skoðunarskýrslu vegna endurkomu og sem inniheldur dóminn A í 6.1. Stjórnarsýslusviðið stýrir framkvæmd þvingunar. Stjórnanda er kynnt ákvörðun um þvingunaraðgerðir. Mál sem komast á þetta stig fá síðan lögformlega meðhöndlun hjá MAST. [VRF-022]

Þvingunaraðgerðir geta t.d. verið:

- Dagsektir
- Úrbætur á kostnað rekstrarleyfishafa
- Afturköllun rekstrarleyfis